

**STJÓRNARFUNDUR BYGGÐASAMLAGS UM MÁLEFNI FATLAÐRA Á  
NORÐURLANDI VESTRA HALDINN Á KAFFI KRÓK, SAUÐÁRKRÓKI  
ÞRIÐJUDAGINN 4. DESEMBER 2012 KL 10:00**

Þriðjudaginn 4. desember 2012 kom stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra saman til fundar á Kaffi Krók, á Sauðárkróki.

Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Svanfríður Jónasdóttir Sigurður V. Ásbjarnarson Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat einnig fundinn..

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og bauð nýja stjórn velkomna til starfa.

**1. SSNV- málefni fatlaðra**

- a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 23.ágúst 2012.** GSG kynnti fundargerðina
- b. **Fundargerð þjónustuhóps frá 30. Ágúst 2012.** GSG kynnti fundargerðina.
- c. **Fundargerð þjónustuhóps frá 14. September 2012.** GSG kynnti fundargerðina.
- d. **Fundargerð þjónustuhóps frá 18. September 2012.** GSG kynnti fundargerðina.
- e. **Fundargerð þjónustuhóps frá 5. Október 2012.** GSG kynnti fundargerðina.
- f. **Fundargerð þjónustuhóps frá 11. október 2012.** GSG kynnti fundargerðina.
- g. **Fundargerð þjónustuhóps frá 16. október 2012.** GSG kynnti fundargerðina.
- h. **Fundargerð þjónustuhóps frá 6. Nóvember 2012.** GSG kynnti fundargerðina.

**Fundargerð þjónustuhóps frá 23. Nóvember 2012.** GSG kynnti fundargerðina.

Vegna liðar 4. A) var eftirfarandi bókun samþykkt.

*Stjórn samþykkir að greiða 50% kostnaðar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunn- og framhaldsskólabarna 2012. Samkvæmt reglum jöfnunarsjóðs er 50% raunkostnaðar greiddur. Skiptingin er eftirfarandi.*

<i>Dalvíkurbyggð</i>	<i>kr. 1.659.432</i>
<i>Fjallabyggð</i>	<i>kr. 2.424.755</i>
<i>Svf.Skagafjörður</i>	<i>kr. 261.924</i>
<i>Austur-Hún</i>	<i>kr. 377.447</i>
<i>Húnaþing vestra</i>	<i>kr. 883.200</i>
<b><i>Samtals</i></b>	<b><i>kr. 5.606.758</i></b>

Miklar umræður urðu um NPA.

- i. Afgreiðsla verklagsreglna byggðasamlagsins:** GSG kynnti eftirfarandi verklagsreglur sem þjónustuhópur hefur unnið að fenginni umsögn félagamálanefnda sveitarfélagana. Lagt fram minnisblað um afgreiðslu félagsmálanefnda einstakra sveitarfélaga um málið.
1. Greiðslur v/ 27. Gr
  2. Reglur um beiðni um endurupptöku og málsskot.
  3. Reglur um skiptingu framlaga jöfnunarsjóðs vegna lengdrar viðveru
  4. Reglur um styrki v/ 27. gr.
  5. Reglur um afgreiðslu umsókna um skammtímavistun
  6. Greiðslur v. stuðningsfjölskyldusamninga
  7. Reglur um dagþjónustu og aðstoð vegna atvinnu.
  8. Reglur um stuðningsfjölskyldur
  9. Reglur um afgreiðslu umsókna vegna stuðnings á heimilum fatlaðs fólks
  10. Reglur um búnaðarsjóð

*Stjórn staðfestir framlagðar reglur og felur verkefnisstjóra að auglýsa þær í Stjórnartíðindum.*

- j. Endurnýjun búsetustefnu og önnur stefnumótun byggðasamlagsins.** Umræður urðu um endurskoðun búsetustefnu og stefnumótun byggðasamlagsins. *Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra og verkefnisstjóra að vinna að endurskoðun búsetustefnunnar í samráði við þá aðila sem tilefndir hafa verið af hagsmunasamtökum og leggja fyrir stjórn. Jafnframt felur stjórn þjónustuhópi að hefja vinnu við endurskoðun stefnumótunar byggðasamlagsins til næstu fjögurra ára.*
- k. Önnur mál.**
1. **Rekstaryfirlit byggðasamlagsins jan-nóv 2012.** Framkvæmdastjóri lagði fram rekstaryfirlit byggðasamlagsins fyrstu 11 mánuði ársins 2012. Reksturinn er á áætlun að teknu tilliti til uppgjors til sveitarfélagana vegna ársins 2011.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 12:00 Jón Óskar Pétursson fundarritari.**